

Arka heilsuvörur – Innköllun á Maískökum með best fyrir dagsetningu 03.02.2015.

Arka heilsuvörur ehf heildsala hefur tilkynnt Matvælastofnun og matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um innköllun á Maískökum frá vörumerkinu Lima vegna sveppaeiturs (deoxynivalenol) yfir mörkum. Um er að ræða varúðarráðstöfun og einskorðast eingöngu við vörur með dagsetningu best fyrir 03.02.2015

Brugðist hefur verið við og þessi vara fjarlægð úr hillum verslana en ef einhver kann að eiga þessa vöru heima hjá sér eru vinsamlegast beðnir um að skila vörunni í þeirri verslun sem hún var keypt og fá hana bættu eða farga henni. Þær verslanir sem fengu Maískökur með þessari dagssetningu eru: Fjarðarkaup, Hagkaup, Hlíðarkaup á Sauðárkróki, Ísland verslanir, Krónan, Nóatún, Kaupfélag Steingrímsfjarðar Hólmavík, Melabúðin, Nettó, Samkaup Strax, Samkaup Úrval, Sunnubúðin og Víðir

Tekið er fram að þessi varúðarráðstöfun á einungis við Maískökur frá Lima merktri dagsetningunni best fyrir 03.02.2015.